

REYKJAVÍKURBORG
17. maí 2021

Framleiðslueldhús

Greiningar- og aðgerðaáætlun með aðferðafræði
kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar



Velferðarsvið

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framleiðslueldhús	3
Samantekt	4
Helstu niðurstöður	4
Tafla 1. Fjöldi matargesta í móttökueldhúsum fjöldi á ári	5
Tafla 2. Fjöldi í matarþjónustu heimsenda matar skipt eftir kyni og aldri.....	5
Tafla 3. Fjöldi viðskiptavina á Vitatorgi samkvæmt skráningu	6
Tafla 4. Fjöldi starfsmanna í móttökueldhúsum eftir kyni og aldri.....	6
Mælikvarðar	6
Tafla 5. Breyting á kynjahlutfalli á heimsendum mat eftir aldri.	7
Eftirlit og mat.....	7
Greining þjónustupátta	8

Inngangur

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skipaði hóp með erindisbréfi í þeim tilgangi að greina dagþjónustu sem veitt er af velferðarsviði með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Til grundvallar greiningunni í framleiðslueldhúsi voru gögn um veitta þjónustu til einstaklinga, fjöldi máltíða og viðskiptavina, sem voru skoðuð m.t.t. til aldurs og kyns. Markmiðið verkefnisins var að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis.

Ábyrgðarmenn verkefnisins voru Regína Ástvaldsdóttir sviðsstjóri. Starfshópurinn var skipaður starfsmönnum velferðarsviðs; Hinrik Fjeldsted hópstjóri verkefnisins, Drífa Baldursdóttir verkefnastjóri félagsmiðstöð Vitatorgi og Eyjólfur Einar Elíasson forstöðumaður framleiðslueldhúss.

Hlutverk hópsins og verkefni: Greina útgjöld velferðarsviðs til Framleiðslueldhús út frá kyni og aldri notenda árið 2020 með aðferðarfræði KFS. Starfstími hópsins var 11. mars til 17. maí 2021

Framleiðslueldhús

Velferðarsvið rekur 14 móttökueldhús og tvær dagdeildir sem fá mat frá framleiðslueldhúsi. Markmiðið er að fá fólk í félagslega virkni og bæta næringu og heilsu aldraðar með því að bjóða þeim uppá hádegismat.

Velferðarsvið rekur einnig matarþjónustu á heimsendum mat til eldri borgara, öryrkja og heimilislausra. Markmiðið er að auka næringu og heilsu einstaklinga sem eiga erfitt með að sinna sér sjálfir og bæta þannig lífsgæði þeirra. Rekstur framleiðslueldhús árið 2020 var sem hér segir heildarkostnaður var 231,4 m.kr og var aukning í heimsendum mat á árinu.

Framleiðslueldhús	Raun	Áætlun
Tekjur	-234.456.940	-269.345.421
Laun	223.800.463	198.847.758
Annar kostnaður	242.136.342	268.480.704
Samtals	231.479.865	197.983.041

Framleiðslueldhúsið á Vitatorgi hefur undanfarin ár verið að framleiða um 1050 skammta að meðaltali alla virka daga ársins. Auk Vitatorgs eru fjögur móttökueldhús opin 365 daga ársins, það eru Langahlíð, Norðurbrún, Dalbraut 27 og Furugerði en aðrar félagsmiðstöðvar eru einungis opnar á virkum dögum. Á síðastliðnu ári dróst framleiðslan saman um 12% þar sem félagsmiðstöðvarnar lokuðu vegna sóttvarnarráðstafna vegna Covid-19. Aukning varð aftur á móti á heimsendum mat þegar móttökueldhúsin lokuðu hjá félagsmiðstöðvunum, eða um 41% aukning á heimsendum mat. Í dag fá á bilinu 350 til 450 manns heimsendan mat en fjöldinn ræðst af vikudögum.

Samantekt

Skoðuð var matarþjónusta fyrir aldraðra, öryrkja og heimilislausa veitt af velferðarsviði með aðferðarfræði kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar. Kostnaður við þjónustu á árinu 2020 m.t.t. aldurs og kyns notenda var greindur. Stuðst var við gögn úr kerfum framleiðslueldhússins og velstat vefsins og gögnum sem við söfnuðum að okkur á meðal móttökueldhúsa .

Helstu niðurstöður

Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu viðskiptavina matarþjónustu byggir á fjölda viðskiptavina í matarþjónustu sem skráðir eru í Agresso, Master Cader og excelskjali v. Covid 19 hjá velferðarsviði.

1. Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu viðskiptavina matarþjónustu í móttökueldhúsum var sóttur úr Agresso. Alls voru 632 einstaklingar sem fengu mat í móttökueldhúsunum. Voru það 386 konur eða 61,1% og 246 karlar eða 38,9%
2. Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu viðskiptavina velferðarsviðs í matarþjónustu með heimsendan mat var sóttur úr Master Cader. Fjöldi er alls 1347 einstaklingar þar af 421 karl (31,3%) og 641 kona (47.6%) einstæðar mæður voru tvær (0,15%), hjón eða sambýlisfólk 281 (20,9%) og tvenn hjón eða sambýlisfólk með börn (,015%). 66 ára og yngir voru 16,3%
3. Á Vitatorgi var gerð greining úr excel skjali vegna sóttvarna fyrir Covid 19. Þetta var fjögurra vikna skráning á matargestum sem gerð var á tímabilinu 1. - 25. mars 2021. Við komu voru skráðar kennitölur matargesta í skjal og við úrvinnslu á fjölda gesta var talinn fjöldi einstaklinga eftir kennitölu sem mætti í mat á þessu tímabili. Á tímabilinu komu alls 251 einstaklingar í mat, þar af voru 72 konur (28,7%) og 179 karlar (71,3%). Tímabilið sem um ræðir er ekki langt en niðurstöður kynjahlutfalls endurspegla vel stöðuna á Vitatorgi þar sem mikill meirihluti matargesta þar alla daga eru karlmenn.
4. Starfsmenn framleiðslueldhúss og móttökueldhúsa voru alls 71 þar af 55 konur (74,32) og 19 karlar (25,68%). Meðalaldur karla er 34 ár og kvenna 48,9 ár. Þar af eru starfsmenn í akstursþjónustu við heimsendingu matar og sendingar á heitum mat í móttökueldhúsa alls sex, þar af tvær konur og fjórir karlar.

Aðgerð #1.

Fjölgun karlkyns notenda í matarþjónustu velferðarsviðs í mótuneytum móttökueldhúsa. Markmið er að karlkyns notendur verði sem næst hlutfalli kvenkyns notenda. Hlutfall kynja skiptist á þann hátt að 61,1% viðskiptavina eru kvenkyns og 38,9% eru karlkyns.

Tafla 1. Fjöldi matargesta í móttökueldhúsum fjöldi á ári

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Karl	246	38,9
Kona	386	61,1
Samtals	632	100

Aðgerð #2.

Fjölgun karlkyns notenda í matarþjónustu velferðarsviðs í heimsendum mat. Markmið er að karlkyns notendur verði sem næst hlutfalli kvenkyns notenda. Hlutfall kynja skiptist á þann hátt að 31,3% eru karlar og 47,6% konur, 21% sambýlisfólk og 0,1% einstæðar mæður. Hér þarf þó að hafa í huga mismunandi hlutfall eftir aldri. Þegar horft er á aldursskiptinguna 67 ára og yngri eru 53 % karlar með heimsendan mat og 39,7% kvenna. En í aldurshópnum 67 ára og eldri eru það 49,3% kvenna og 27% karla með heimsendan mat.

Tafla 2. Fjöldi í matarþjónustu heimsenda matar skipt eftir kyni og aldri

	Yngri en 67 ára		67 ára og eldri		Samtals allir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Einhleypir karlar	116	53,0%	305	27,0%	421	31,3%
Einhleypar konur	85	38,8%	556	49,3%	641	47,6%
Einstæðar mæður	2	0,9%	0	0,0%	2	0,1%
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	14	6,4%	267	23,7%	281	20,9%
Hjón/sambýlisfólk með börn	2	0,9%	0	0,0%	2	0,1%
Samtals	219	100,0%	1128	100,0%	1347	100,0%

Aðgerð #3.

Fjölgun kvenkyns notenda í matarþjónustu velferðarsviðs í mótuneytinu á Vitatorgi. Markmið er að karlkyns notendur verði sem næst hlutfalli kvenkyns notenda. Hlutfall kynja skiptist á þann hátt að 28,7% viðskiptavina eru kvenkyns og 71,3% eru karlkyns.

Tafla 3. Fjöldi viðskiptavina á Vitatorgi samkvæmt skráningu

Matargestir Vitatorg	Mánaður	
KK	179	71,31%
KVK	72	28,69%
Samtal	251	

Aðgerð #4

Fjölgun karlkyns starfsmanna í matarþjónustu velferðarsviðs.

Markmið er að hlutfall karla og kvenna verði því sem næst jafnt. Nú eru 25,7% starfsmanna karlar, en hlutfall kynja á vinnumarkaði er jafnt. Hér þarf því markvisst að vinna að því að ráða inn fleiri karlkyns starfsmenn. Hluti af þeirri aðgerð er að fá fleiri starfsmenn til að sækja um þau störf sem eru auglýst í móttökueldhúsum. Fjölgun karlmanna í starfsmannahópi í móttökueldhúsa aldraða myndi hugsanlega styrkja aðgerð 1 um að fjölga karlkyns notendum.

Tafla 4. Fjöldi starfsmanna í móttökueldhúsum eftir kyni og aldri

	KVK	KVK	KK	KK
	Fjöldi	Meðalaldur	Fjöldi	Meðalaldur
Aflagrandi	2	41		
Akstursþjónust	2	22,5	5	39
Árskógar	2	48,5	1	54
Borgir	2	62		
Bólstaðarhlíð	2	54,5		
Dalbraut 18	1	57		
Dalbraut 27	5	49,4	2	20,5
Hvassaleiti	2	62		
Hæðargarðurur	2	53	1	28
Vitatorg	10	52,7	8	43,5
Norðurbrún	4	37,3		
Þorrasel	2	48		
Furugerði	4	39	1	32
Langahlíð 3	2	55		
Hraunbær	2	38		
Dageild	10	49	1	21
Sléttuvegur	1	62		
Samtals	55	48,9	19,0	34

Mælikvarðar

Aðgerð #1.

Fjölgun karlkyns notenda í matarþjónustu velferðarsviðs í móttökueldhúsum.

Að hlutfall notenda endurspeglir hlutfall aldraðra í Reykjavíkurborg. Hlutfall karla í matarþjónustu þarf því að aukast um 36,33%

Aðgerð #2.

Fjölgun karlkyns notenda í matarþjónustu velferðarsviðs í heimsendum mat. Leita þarf leiða til að hvetja karlmenn til að panta mat. Kynjahlutfall þjónustuþega breytist með hækkandi aldri. Sjá töflu 5.

Tafla 5. Breyting á kynjahlutfalli á heimsendum mat eftir aldri.

	Yngri en 67 ára		67 ára og eldri		Breyting	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Einhleypir karlar	116	53,0%	305	27,0%	189	14,0%
Einhleypar konur	85	38,8%	556	49,3%	471	35,0%

Aðgerð #3.

Hlutfall karla í matarþjónustu er hæst á Vitatorgi, en þar eru um 70% matargesta karlmenn. Það sem aðgreinir Vitatorg frá öðrum félagsmiðstöðvum er meðal annars það að ekki þarf að panta mat fyrirfram þar. Það er hugleiðing hvort taka ætti upp þannig fyrirkomulag á fleiri stöðum. Framleiðslueldhús getur skammtað aukalega á öðrum móttökueldhúsum svo fólk geti komið beint inn í mat þar líka án þess að panta. Þetta gæti hentað karlmönnum þar sem þeir panta síður fyrir fram.

Aðgerð #4

Fjölgun karlkyns starfsmanna í matarþjónustu velferðarsviðs. Huga að ráðningarferli láta störfin höfða jafnt til karlkyns og kvenkyns starfsmanna. Þetta þarf að gerast í gegnum ráðningarferli.

Eftirlit og mat

Gott er að gera reglulega könnun á kynjahlutfalli þjónustuþega. En það sem skekkir þessa mynd og við höfum orðað hér að ofan að tölur um fólksfjölda sýna að konur eru fleiri en karlmenn og svo líka það að lífslíkur kvenna er hærri en karla. Það getur skapað skakka stöðu á kynjaskiptingu þeirra sem þiggja þjónustuna konum í vil.

Reyna má að jafna hlutfall kynja í móttökueldhúsum með því að opna tímabundið fyrir almenning án fyrirfram skráningar í einu til tveimur móttökueldhúsum á sömu forsendum og eru á Vitatorgi til að sjá hver þróunin yrði.

Í heimsenda matnum væri gott að bjóða uppá val milli tveggja til þriggja rétta þar sem höfða má til mismunandi hópa með samsetningu í matseðli (karllægur – kvenlægur matur).

Greining þjónustubátta

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Nafn ábyrgðaraðila: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Greiningaraðilar/teymi: Hinrik Fjeldsted hópstjóri, Drífa Baldursdóttir, Eyjólfur Einar Elíasson

Kostnaður skv. nýjustu fjárhagsáætlun 2020: 242,1 mkr sem skiptist fjármagni er ekki skipt eftir þáttum það er ekki afmarkað hvað fer í heimsendan mat sérstaklega.

Kortlagning

I. Matarþjónusta
<p>Hver eru helstu verkefni innan þjónustubáttarins? Þjónustubátturinn skiptist annars vegar í heimsendingu á mat til eldri borgara, öryrkja og heimilisláusra og hins vegar matarþjónustu í félagsmiðstöðvum borgarinnar</p> <p>Matarþjónusta fyrir aldraða með heimsendan mat. Markmiðið er að auka næringu og heilsu einstaklinga sem eiga erfitt með að sinna sér sjálfir og bæta þannig lífsgæði þeirra og stuðla að því að þeir geti búið lengur í eigin húsnæði.</p> <p>Matarþjónusta fyrir eldri borara í félagsmiðstöðvum og dagdeildum. Markmiðið er að fá fólk í félagslega virkni og bæta næringu og heilsu aldraðar með því að bjóða þeim uppá hádegismat.</p>
II. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa?

Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta.

Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru:

- Hvernig er kynjasamsetning starfsmannahóps?
Skipting á starfsmannahópi er ójöfn og hallar þá karlkynið
- Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna?

Það eru mun fleiri kvenmenn sem nýta sér þjónustuna fyrir utan þá sem heimsækja Vitatorg. Vitatorg byggir á annars konar hugmyndafræði en aðrar félagsmiðstöðvar þar sem þar er opið öllum án þess að bera búinn að skrá sig fyrirfram í mat.

- Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna?
Heimilislausir, fatlaðir og eldri borgarar sem eiga erfitt með að elda sér sjálfir
- Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif?
- Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum?
Það eru ekki til tölur um skiptingu kyns á jaðarsettum hópum
- Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögum skiptast á milli kynja innan jaðarhópa?
Skiptingu fjármuna er ekki skipt eftir kyni.
- Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?
Nei.
- Eru einhverjir hópar útilokaðir frá þátttöku/ þjónustu?

Heimsendur matur er eingöngu hugsaður fyrir þá sem þurfa á stuðningi að halda með að nærast og geta ekki hjálpað sér sjálfir. Matur í félagsmiðstöðvum er hugsaður fyrir eldri borgara 67 ára og eldri og njóta þeir niðurgreiðslu á mat. Það er öllum heimilt að heimsækja Vitatorg en þeir sem falla ekki inn í þann hóp að eiga rétt á velferðarþjónustu ber að greiða fullt verð fyrir matinn.

III. Hefur þjónustupátturinn eða verkefni sem til hans heyra einhver jafnréttismarkmið?? (getur verið fleira en eitt)

<input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	X	Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
X	Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði	<input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
<input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input type="checkbox"/>	Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
X	Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæði	<input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun	